

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um réttarstöðu þolenda.

Frá Jóhanni Páli Jóhannssyni.

1. Hvers vegna var ekki lagt fram stjórnarfrumvarp á 150. eða 151. löggjafarþingi um að þolendur kynferðisbrota fái formlega aðild að sakamáli eða flest þau réttindi sem aðila-
staða veitir þegar réttað er yfir geranda eins og lagt var til í greinargerð sem unnin var fyrir stýrihóp forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi árið 2019?
2. Er unnið að slíku frumvarpi til breytinga á lögum um meðferð sakamála í dómsmála-
ráðuneytinu og verður frumvarpið lagt fram á yfirstandandi þingi?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum möguleikum þolenda í kynferðisbrota- og
heimilisofbeldismálum til gjafsóknar?
4. Hvernig hyggst ráðherra beita sér fyrir bættri réttarstöðu þolenda kynferðisbrota og
heimilisofbeldis? Hvaða aðgerðir verður ráðist í á kjörtímabilinu og hvernig verður
umbótatillögum um bættu réttarstöðu brotaþola við meðferð sakamála, sem fram komu
í tengslum við vinnu stýrihóps um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt
ofbeldi árið 2019, fylgt eftir?

Skriflegt svar óskast.